

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallapjóðgarð

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég tala fyrir tillögu borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallapjóðgarð á Reykjanesi og hún er svohljóðandi:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hefja undirbúning að vinnu við eldfjallagarð á Reykjanesi. Tillagan verði unnin í samráði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og verkefninu stýrt af stjórn Reykjanesfólkvangs.

Greinargerð kemur síðar. Ég vil taka það fram hér í upphafi að þessi tillaga hefur áður verið flutt hér í Borgarstjórn Reykjavíkur af borgarfulltrúum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og einhverja hluta vegna hefur sú tillaga ekki náð fram að ganga í stjórn Reykjanesfólkvangs. Það kann vel að vera að það hafi verið vegna tíðra meirihlutaskipta hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, en engu að síður er sú tillaga Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í fullu gildi og verður tekin með og greinargerð sem því fylgdi lögð inn í þetta verkefni. Og ég vil þakka þeim borgarfulltrúum sem komu að þeirri tillögu á sínum tíma fyrir það starf og vænti góðs samstarfs í framhaldinu.

Málið kom inn á borð meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur í gegnum undirbúningsaðila sem lengi hafa alið þennan draum með sér, að stofna eldfjallagarð á þessu svæði og undir forustu núverandi stjórnarformanns Reykjanesfólkvangs Ólafs A. Haraldssonar fyrrv. alþingismanns, að þá hefur þetta verkefni verið unnið. Og það er gaman að geta sagt frá því að bæjarstjórn Kópavogs hefur líka tekið vel í þessar hugmyndir og á morgun stendur til að halda fund um kynningu á hugmyndum um nýstárlega nýtingu á Þríhnúkagíg í þágu ferðamennsku og fræðslu um náttúru Íslands. En ég ætla hér að gera grein fyrir greinargerð sem fylgir tillögu meirihlutans og ég vænti þess að við sameinumst hér um, með leyfi forseta er hún svohljóðandi:

Að undanfögnu hefur verið mikil umræða um svokallaðan eldfjallagarð á Reykjaneskaga og hafa verið lagðar fram ýmsar hugmyndir um útfærslu slíks garðs. Allar eiga þessar hugmyndir þó sameiginlegan grunn sem er sérstaða svæðisins, hún snýr að jarðfræði, jarðhita, eldvirkni og náttúrunni. Í ferðabók sinni skrifar Þorvaldur Thoroddsen fyrir rúmum 100 árum og þar segir hann:

Sá hinn mikli skagi sem gengur vestur úr landinu sunnan Faxaflóa er oftast kallaður í bókum einu nafni Reykjanes. Út á þennan skaga gengur allmikill hálandistangi út úr aðalhálandi Íslands vestan og norðan með hinu stóra suðurlands undirlendi allt ofan frá Langjökli. Hvergi á Íslandi hafa jafnmikil eldsumbrot orðið á jafnlitlu svæði eins og á þessum tanga. Og hvergi annað eins samsafn af eldgígum, hraunum og gjám eins og þar. Hvergi á landinu er jafn hægt að fá yfirlit yfir allar eldgosamyndanir og áhrif þeirra á önnur jarðlög og hér. Og ég vil ítreka að þetta er 100 ára gömul skýrsla eða greinargerð Þorvaldar Thoroddsen sem hafði mikinn áhuga á þessu svæði og kunni að meta sérkenni hans.

Nú tilgangurinn er sá að Reykjaneskaginn hann hefur mikla sérstöðu sem tengist jarðfræði og fjölbreyttri nýtingu. Sú sérstaða er sóknarfæri fyrir fjölbreytta starfsemi og verndun svæðisins til framtíðar. Jarðfræði Reykjaneskagans er sérstæð á heimsvísu þar sem Atlandshafshryggurinn liggur um hann. Reykjaneskaginn nær yfir stórt svæði sem er enn tiltölulega ósnortið, þó auðlindir þess séu nýttar fyrir ferðaþjónustu, útivist, jarðhitavinnslu, neysluvatn, sundlaugar, baðlón og húshitun. Það liggja því gríðarleg tækifæri í að kynna þetta svæði og nýtingu þess fyrir ferðamönnum, en um leið þarf að huga að þolmörkum þess, þannig að ekki verði gengið á auðlindir. Eldfjallagarður er hugmynd að samnefnara fyrir sérstöðu Reykjaneskagans sem getur tengt saman hinar fjölbreyttu auðlindir svæðisins og markað stefnu um nýtingu og verndun hans með hagsmuni heildarinnar og framtíðarinnar að leiðarljósi. Staðsetning Reykjaneskagans í nágrenni alþjóðaflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og spá um aukin fjölda ferðamanna ýtir undir væntingar til eldfjallagarðs. Samstillt átak sveitarfélaga um eldfjallagarð er forsenda framgangs þessarar hugmyndar.

Meginávinningur af verkefninu á að skila sér til ferðaþjónustunnar og í útivistarmöguleikum fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, byggt á kortlagningu og mati á sérstöðu staða geta umsjónaraðilar merkt þá sérstaklega á kort og með skiltum. Merkingin verður sérstök eldfjallagarðsmerking, sem gefur gestum upplýsingar um sérstöðu staðarins og tengsl við nærliggjandi staði.

Reykjanesfólkvangur hefur lagt fram tillögu að verkefnisnálgun um eldfjallagarð á Reykjaneskaga, þar sem tekið er á greiningu, stefnu og aðgerðum til að vinna á framgangi eldfjallagarðs. Leggja þarf áherslu á að markaðssetja svæðið, auka ferðamannastraum og stuðla að aukinni almennri útiveru og náttúruskoðun. Því fylgir hins vegar mikil ábyrgð því að hlutar svæðisins eru svo viðkvæmir að þau

þola enga umferð meðan að önnur verja sig að einhverju marki sjálf, með því að vera torfær og fjarlæg. Forgangsraða þarf áhugaverðustu stöðunum, greina viðkvæmni þeirra, verndargildi og skoðunargildi. Lagt er til að stjórn Reykjanesfólkvangs haldi utan um verkefnið og settur verði á laggirnar sérstakur stýrihópur um eldfjallagarð á Reykjanesi sem fundar reglulega með ráðgjöfum.

Megin markmið verkefnisins er að vinna heildstæða stefnumörkun fyrir eldfjallagarð með alþjóðlega sérstöðu, skilgreina og kortleggja helstu tækifæri í tengslum við sérstöðu svæðisins. Kortlagning helstu ferðamannastaða og upplýsa sérstöðu þeirra og tengsl. Vinna að aðgerðaráætlun fyrir ferðamannastaði byggða á sérstöðu, þolgreiningu og verndarsjónarmiðum. Vinna að leiðavísir fyrir sveitarfélögin um landnotkun og verndaráætlanir. Mikilvægt er að náíð samstarf verði við allar sveitarstjórnir á svæðinu og stjórn Reykjanesfólkvangs leggi reglulega fram upplýsingar um framvindu verkefnisins. Þá þarf að skapast sátt um nauðsynlegar aðgerðir innan svæðisins sem taka á orkuvinnslu og fleiri álitamálum varðandi skipulag og landnotkun. Meginmarkmið vinnunnar sem hér er lagt til að verði farið í er sú, að sveitarfélögin á svæðinu hafi og setji fram sameiginlega skipulagsáætlun um áhugaverða staði sem tengjast eldfjallagarði, hvernig staðið verði að umsýslu eldfjallagarðs, umsjón, stjórnsýslu og kostnaðarskiptingu. Um eðli eldfjallagarðs til dæmis og stefna eigi að flokkun hans sem European-geopark eða móta eigin reglur. Hvernig eigi að kynna og markaðssetja eldfjallagarð á Reykjanesi í nágrenni höfuðborgar og alþjóðaflugvallar.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls, að þá hefur þessari hugmynd verið vel tekið af nágretta sveitarfélögunum og borgarstjóri hefur kynnt hana á fundi bæjarstjóra í SSH. Og eins og ég sagði áðan að þá hefur Borgarstjórn Reykjavíkur boðað til sérstaks kynningafundar um þessar nýstárlegu hugmyndir. Til þess að gera grein fyrir því, að þá fer sú kynning fram í salnum í Tónlistarhúsi Kópavogs á morgun, miðvikudaginn 18. nóvember, kl. 17.00. Og ég hvet borgarfulltrúa hér og aðra sem eru að hlusta á þessa umræðu hér, að mæta í Kópavoginn og hlýða á þessa kynningu. En Gunnsteinn Sigurðsson mun setja kynninguna, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra flytur ávarp og Árni B. Stefánsson hellakönnuður og upphafsmaður verkefnisins flytur ávarp. Einar K. Stefánsson verkfræðingur hjá

VSÓ-ráðgjöf og umsjónarmaður verkefnisins flytur kynningarindi. Og helstu styrktaraðila verkefnisins eru: Alþingi, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Orkuveita Reykjavíkur, umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneytið og Burðarás.

Ég legg til við borgarstjórn að þessi tillaga verði samþykkt, en henni verði einnig vísað inn í gerð fjárhagsáætlunar vegna þess að það er við því að búast að við þurfum að leggja til eitthvað fjármagn með þessu verkefni og til þess að það nái fram að ganga hratt og vel, að þá tel ég rétt við þessar aðstæður, þar sem við erum nú á lokaspretti í fjárhagsáætlunarvinnunni að við gerum ráð fyrir fjármagni í þetta verkefni fyrir árið 2010. Ég held að við séum ekki að tala um stórar upphæðir í þessu, en verkefnið er mikilvægt inn í framtíðina, í uppbyggingu ferðaþjónustu, náttúruverndar og annarra framtíðarverkefna sem Reykjavíkurborg og önnur nágranna sveitarfélög standa frammi fyrir á þessum tímamótum.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallapjóðgarð

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú byrja á því að þakka fyrir að þetta mál sé hér tekið upp aftur. Eins og borgarfulltrúinn kom að, þá má segja að við höfum byrjað kjörtímabilið á að fjalla um hugmyndir um eldfjallagarð á Reykjanesi. Og ég þekki líka býsna vel til þess, þegar að við beittum okkur fyrir því að sveitarfélögin sem eiga land að Þríhnúkakagíg leggðu saman í hagkvæmniathugun á því á síðasta kjörtímabili. Og það verður án efa spennandi að vera í Salnum á morgun og heyra í Árna B. Stefánssyni augnlækni, sem hefur að öðrum ólöstuðum dregið þennan vagn, raunar ásamt býsna mörgum áhugasamtökum og bæði Landvernd og miklu fleiri hafa þegar lýst yfir stuðningi við þetta og hafa gert á undanförnum árum, eftir ítarlega skoðun þ.e.a.s. stuðningi við eldfjallagarð. Það sem ég hnýt aðeins um og vildi spyrja framsögumann út í hér er í raun það nýmæli sem ég hef ekki heyrt áður að tala um eldfjallapjóðgarð.

Vegna þess að þjóðgarður hefur nokkuð sérstaka merkingu í náttúruminjalögum og um hann er farið öðruvísi heldur en um fólkvanga og gilda aðrar reglur, t.d. segir í 51. gr. um stofnun þjóðgarða, að landsvæði þjóðgarða skuli vera í ríkiseign, nema sérstakar ástæður mæli með öðru og að það náist samkomulag á milli ráðherra og landeiganda. Þess vegna velti ég því aðeins fyrir mér hvort að þetta sé orðin niðurstaða einhversrar hugsunar eða hvort að það hafi óvart slæðst orðið þjóð inn í tillögu um þá góðu hugmynd að þarna verði eldfjallagarður, sem að ég held að sé nú þegar stefna Grindavíkurbæjar, sem á nú mest af þessu landi. Ég held að ég fari rétt með það, að mesta flatarmálið á Reykjaneskaganum þar sem að fólk hefur séð fyrir sér eldfjallagarð sé í landi Grindavíkur. En það er bæði viðameira, nokkuð dýrara og hefur þessar afleiðingar að tala um þjóðgarð, en hingað til í þeim gögnum sem ég hef séð og í þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi ýmissa hópa hefur verið fjallað um þetta sem eldfjallagarð, en ekki nauðsynlega eldfjallapjóðgarð.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar borgarfulltrúinn Óskar Bergsson andsvári.

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallaþjóðgarð

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúanum fyrir þessa athugasemd og ég held að hann hafi í raun og veru hitt naglann á höfuðið þegar hann velti því upp hvort að þetta gildishlaðna hugtak þjóð hafi fallið þarna inn á milli og hugmyndin um eldfjallagarð hafi orðið að eldfjallaþjóðgarði, og ég held að það sé nú bara rétta skýringin. Og ég legg til að við breytum tillögunni, þannig að við tölum um eldfjallagarð á þessu svæði. Þetta er fólkvangur og það eru ákveðin lög um þjóðagarða, þannig að ég sé enga ástæðu til þess að við flækjum málið með því að hafa þjóðina þarna inni á milli. Þannig að ég þakka fyrir ábendinguna og legg til að við breytum tillögunni þannig að við tölum hér um eldfjallagarð.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallapjóðgarð

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er greinilegt að lengi hefur Reykjanesið verið fólki hugleikið. En það er þannig að vorið 2006 á meðan við sem hér erum samankomin háðum kosningarbaráttu var merkileg tillaga rædd á aðalfundi Landverndar. Tillagan er upphaflega komin frá Ara Trausta Guðmundssyni og hljóðaði upp á, að stækka Reykjanesfólkvang og gera hann að eldfjallagarði. Aðalfundur Landverndar samþykkti að vinna hugmyndinni brautargengi. Raunar voru hugmyndir af svipuðu tagi talsvert ræddar í grasrót Vinstri grænna um svipað leyti. Í september sama ár, í upphafi fyrsta starfsveturs kjörtímabilsins, mælti Árni Þór Sigurðsson þáverandi borgarfulltrúi Vinstri grænna fyrir svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta og mér skilst að sú tillaga sé undir í þessari umræðu:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að beita sér fyrir því að stofnað verði eldfjallafriðland er nái frá Þingvallavatni að Reykjanestá, ásamt Eldey. Í því skyni verði efnt til víðtæks samráðs viðkomandi sveitarfélaga, stjórnar Reykjanesfólkvangs, Landverndar og annarra náttúruverndarsamtaka, viðeigandi rannsóknarstofnana ríkisins og annarra hagsmunaaðila.

Í ræðu sinni fór Árni Þór yfir kosti þess að friðlandið yrði að veruleika. Jarðfræðilega sérstöðu svæðisins, sögu þess og gildi fyrir fólkið í landinu og þá ekki síst Reykvíkinga, enda væri hún í fullu samræmi við þá ný samþykktu stefnumótun borgarinnar „Reykjavík í mótun“. Undir lok ræðunnar sagði svo umræddur Árni Þór orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég vænti þess og er þess raunar fullviss, virðulegur forseti, að hér á vettvangi borgarstjórnar getur orðið breið samstaða um þessa tillögu. Hún horfir til framtíðar og er mjög í anda þess sem er mikið til umræðu í samfélaginu í dag. Það væri sannarlega jákvætt innlegg í þessa umræðu og lyftistöng þeim sem vilja sjá svæðið þróast sem eldfjallafriðland ef Borgarstjórn Reykjavíkur lýsti yfir vilja sínum til að vinna að framgangi málsins ásamt öðrum hagsmunaaðilum.“

Tilvitnun lýkur. Flokksbróðir minn Árni Þór reyndist sannspár þó það tæki á fjórða ár að ná samstöðu þeirri sem hann trúði á. Tillögu hans var vísað í umhverfissráð sem vísaði henni áfram í stjórn Reykjanesfólkvangs, þar sem að hún hefur sofið værum svefni allt fram á þennan dag þrátt fyrir þó nokkrar fyrirspurnir

af okkar hálfu. Hér í dag hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson nú talað fyrir eldfjallapjódgarði á Reykjanesi, sem reyndar hefur verið breytt í eldfjallagarð.

Við Vinstri græn fögnum því að loksins hylli undir að tillagan verði að veruleika og að Reykjaneskaginn með öllum sínum undrum hljóti þann sess sem honum ber, enda höfum við lagt ríka áherslu á eflingu hans um langt skeið. Við seinni umræðu um fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2007, sum sé undir lok árs 2006, var tillaga okkar Vinstri grænna um 2ja milljóna kr. framlag til úttektar og rannsókna á fólkvanginum samþykkt með það fyrir augum að byggja upp öflugt og aðlaðandi ferðamannasvæði þar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar í skýrslu um ferðapjónustu möguleika á Reykjanesfólkvangi sem stjórn hans skilaði vorið 2008 og er í fullu samræmi við áherslur okkar Vinstri grænna hér í borgarstjórn á kjörtímabilinu. Í tíð hundrað daga meirihlutans var samþykkt að efla landvörslu í Reykjanesfólkvangi og það hafði einnig verið gert undir lok síðasta kjörtímabils undir forystu títtnefnds Árna Þórs sem formanns umhverfisráðs. Allt hafa þetta verið græn skref í rétta átt í þágu fólkvangsins, fólksins sem nú nýtur svæðisins og þeirra sem vonandi eiga eftir að njóta þess.

Það er ekkert skrýtið að Reykjanesfólkvangur hafi verið okkur Vinstri grænum og reyndar fleirum undanfarin árhundrað hugleikinn. Reykjaneshryggurinn er náttúruundur, enda hvergi annars staðar í heiminum hægt að sjá úthafshrygg ganga á land í allri sinni dýrð með tilheyrandi hræringum og umbrotum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu búa við þau forréttindi að hafa þetta merkilega, víðfeðma og undurfalleg svæði örstutt frá byggð. Reykjaneshryggurinn er landfræðilega fjölbreyttur og tilvalinn til útivistar fyrir íbúa og gesti borgarinnar. Áhugi fólks í borgarvæddu samfélagi fyrir náttúru og útivist er sívaxandi og ört fjölgandi ferðamenn vilja njóta sérstöðu íslenskrar náttúru. Þessa hópa þarf að þjónusta með sómasamlegum hætti án þess að náttúran beri skaða af.

Í skýrslu sem Sigrún Helgadóttir vann fyrir stjórn Reykjanesfólkvangs og var gefin út árið 2004 kemur fram, að markmiðið með stofnun Reykjanesfólkvangs var að skilgreina samfellt útivistarsvæði allt frá opnum svæðum þéttbýlisins í gegnum „Græna trefilinn“ og þaðan til blárra fjalla í austri og Krísuvíkurbirgs í suðri. Eigi svo að vera segir Sigrún að margt þurfi að breytast. Nauðsynlegt sé að koma upp miðstöð eða skrifstofu með starfsfólki allt árið um kring. Að

athyglisverðir staðir og leiðir í fólkvanginum verði merktir og stikaðir. Að komið verði í veg fyrir utanvegarakstur og að beitarmálum verði komið í lag.

Þær tillögur sem Óskar Bergsson fór yfir hér áðan, geri ég ráð fyrir að hafi komið úr skýrslu VSÓ, en sú skýrsla er samhljóða þessum tveimur skýrslum sem ég hef nefnt hér áður, þar sem að í raun kemur fram að mörgu er ábótavant á svæðinu og nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða hið fyrsta. Ef okkur hér í Borgarstjórn Reykjavíkur er raunveruleg alvara, þá verðum við að vera reiðubúin að kosta því sem þarf til þess að ráðast í nauðsynleg verkefni, og því gleður mig að borgarfulltrúi Óskar Bergsson hafi lagt það til að þessu verði vísað inn í fjárhagsáætlun, því stefnumótun af þessu tagi getur ekki átt sér stað nema fjármagn fylgi.

Náttúra fólkvangsins hefur látið á sjá á undanförunum árum, enda hefur honum verið þröngur stakkur sniðinn. Það þarf að tryggja landvörslu, viðhald og hreinsun og hefjast handa við að undirbúa, skipuleggja og byggja upp þjónustu, gönguleiðir, fræðslu og annað sem nauðsynlegt er að hafa til staðar á fjölmennum útivistarsvæðum.

Forseti, að lokum vil ég nefna það sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi kom inn á hér áðan, að það eru til margir og mismunandi flokkar friðlýsingar. Í þeim felast mismunandi öflug sóknarfæri allt eftir því hverju við sækjumst eftir hverju sinni. Vel má vera að stofnun Þjóðgarðs sé það sem við viljum stefna að, en hún getur reynst þung í vöfum þó vissulega hafi það kosti. Ég legg til að farið verði ítarlega yfir það í þeirri vinnu sem framundan er hvaða leið þykir ákjósanlegust, þannig að hægt sé að stýra umferð um svæðið en njóta þess til fullnustu á sama tíma. Einnig legg ég til að sú vinna sem framundan er verði í miklu og góðu samráði við öll þau hagsmunasamtök sem nefnd eru í tillögu Árna Þórs frá því haustið 2006.

En eins og ég hef áður sagt, þá gleðjumst við vinstri græn yfir því að langþráð samstaða hafi náðst hér í borgarstjórn um tillöguna. Af því tilefni skila ég kærri kveðju til borgarfulltrúa frá fyrrum samstarfsfélagi Árna Þór Sigurðssyni, en bæði bindum við vonir við að Borgarstjórn Reykjavíkur fái nágretta sveitarfélögin og aðra þá hagsmunaaðila sem málið varðar með sér í lið og að eldfjallafríðland verði

Bstj. 17. nóvember 2009

að veruleika áður en langt um líður. Markmið okkar allra hlýtur að vera að skila Reykjanesfólkvangi óspilltum til komandi kynslóða, en njóta hans á meðan við höfum hann til afnota.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur óskað eftir að taka til máls.

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallapjóðgarð

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil bara þakka fyrir þær undirtektir sem þessi tillaga fær hér í söllum borgarstjórnar og þakka fyrir þá upprifjun sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom að þegar hún fór yfir tillögu þáverandi borgarfulltrúa Vinstri grænna Árna Þórs Sigurðssonar, sem án efa er brautryðjandi í þessu máli hér og því ber náttúrulega að fagna og ég tek undir góðar kveðjur Sóleyjar til okkar fyrrum féлага í borgarstjórninni. En ég vil bara að lokum þakka fyrir undirtektirnar og ég lít svo á að nú sé þetta mál í góðum farvegi, verði samþykkt hér væntanlega samhljóða í Borgarstjórn Reykjavíkur og fari síðan þaðan inn í fjárhagsáætlun, þannig að verkefnið geti orðið að veruleika strax á næsta ári.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Og fyrir fundinum liggur tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallagarð, sem nú verður tekin til atkvæðagreiðslu. Fyrir er tekin tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallagarð. Forseti biðst afsökunar á því að hann hafði ekki fengið upplýsingar um það að tillagan væri jafnframt lögð fram í nafni Vinstri grænna í borgarstjórn. Úr því svo er að þá er lögð fram tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna um eldfjallagarð. Þeir sem samþykkja þá tillögu gefi merki gjörið svo vel. Hún er samþykkt samhljóða.